

## FUNDARGERÐ

311. fundur stjórnar HEF veitna ehf. haldinn í Fellabrún 1, þriðjudaginn 12. júní 2022 kl. 14:00.

### Mætt eru:

Ágústa Björnsdóttir (ÁB), Ívar Karl Hafliðason (ÍKH), Hildur Þórisdóttir (HÞ), Vilhjálmur Jónsson (VJ) og Helgi Hlynur Ásgrímsson (HHÁ) og Aðalsteinn Þórhallsson (AÞ) framkvæmdastjóri.

Gestur fundarins í lið 2 er Ómar Bjarki Smáráson (ÓBS), jarðfræðingur

Ágústa Björnsdóttir stýrði fundinum.

### Dagskrá

---

- 1 Starfsreglur stjórnar, þagnarheit o.fl.
  - 2 Jarðhitarannsóknir – jarðfræðingur kynnir stöðu mála
  - 3 Jarðhitaleit í Eiðapinghá – samningsdrög við landeigendur
  - 4 Kyndingarkostir á Seyðisfirði – viðræður við RARIK
  - 5 Vatnsveita á Völlum – Ketilstaðir – Hjallaskógur
  - 6 Fjárfestingaáætlun – endurskoðun
  - 7 Fjarðarheiðargöng – hagsmunir HEF
  - 8 Strandsvæðaskipulag Austfjarða – athugasemdir HEF
  - 9 Mörk dreifbýlis og þéttbýlis í gjaldskrá RARIK
  - 10 Fráveitureglugerð – drög í vinnslu
  - 11 Verkefnin – til kynningar
  - 12 Heimsóknir á starfsstöðvar
  - 13 Önnur mál
    - a. Hleðslustöðvar rafbíla
- 

### **1 Starfsreglur stjórnar, þagnarheit o.fl.**

Stjórnarmenn árita tilkynningu um breytingu á stjórn (RSK 17.42)

Starfsreglur stjórnar yfirfarnar og verða afgreiddar á næsta stjórnarfundi.

Þagnarheit undirrituð. Framkvæmdastjóra falið að safna undirskriftum varamanna.

Fundarboð verði sent stjórnarmönnum en fundargögn verði aðgengileg gegnum SharePoint.

ÓBS kemur inn á fundinn 14:25

### **2 Jarðhitarannsóknir – jarðfræðingur kynnir stöðu mála**

ÓBS kynnir framvindu í hitastigulsrannsóknum sínum í landi Breiðavaðs og Mýness II. ÓBS er þess fullviss að ekki sé um tengsl við jarðhitasvæðið undir Urriðavatni, sem er grundvallarforsenda þess að áfram verði rannsakað á svæðinu.

Á Búlandsnesi við Djúpavog hefur tilraunadæling verið í gangi með skipulögðum hléum.

Stjórn þakka ÓBS fyrir upplýsingar og góðar umræður um næstu skref en stjórn er sammála um að bæta við hitastigulsholu í landi Breiðavaðs og Mýness II.

Á Búlandsnesi verði áframhald á tilraunadælingum.

ÓBS fer af fundinum kl 15:20

### 3 Jarðhitaleit í Eiðapínghá – sammingsdrög við landeigendur

Viðræður eru í gangi við landeigendur. Fyrirliggjandi sammingsdrög eru í yfirferð hjá landeigendum.

Lagt fram til kynningar

### 4 Kyndingarkostir á Seyðisfirði – viðræður við RARIK

HEF skilaði í maímánuði greiningarskýrslu um kyndingarkosti á Seyðisfirði til Múlaþings. Stjórn HEF reiknar með frumkvæði sveitarfélagsins í næstu skrefum málsins.

Aðalsteinn fer yfir stöðu mála, HEF hefur lokið við að kynna niðurstöður skýrslunnar á íbúðarfundum á Seyðisfirði 16. maí og voru minnisþingar frá kynningunni sendir Múlaþingi 20 maí.

### 5 Vatnsveita á Völlum – Ketilstaðir – Hjallaskógur

Framkvæmdastjóri kynnir stöðu undirbúningsvinnu vegna verkefnisins. Stjórn felur framkvæmdastjóra að kynna væntanlegum notendum áætluð tengigjöld og kanna vilja þeirra til þátttöku í verkefninu.

### 6 Fjárfestingaáætlun – endurskoðun

Fyrir fundinum liggur útprentun fjárfestingaáætlunar 2022-2025. Ýmis verkefni hafa tafist, m.a. vegna skipulagsgerðar. Ljóst er að markmið um fjárfestingu á árinu 2022 munu ekki að fullu ganga eftir. Framkvæmdastjóra falið að gera tillögu að endurskoðun áætlunarinnar.

### 7 Fjarðarheiðargöng – hagsmunir HEF

Félagið gerði athugasemdir við umhverfismatskýrslu Fjarðarheiðarganga í tveimur liðum; helgunarsvæði rannsókna Vegagerðarinnar á lóð félagsins á Melshorni og nálægð gangamunna í Seyðisfirði við neysluvatnsból bæjarins (*skjal nr. A-ALL-000-ERU-220705*).

Einnig hefur félaginu borist boð frá skipulagssviði Múlaþings við að gera athugasemdir, við vinnslutillögur aðalskipulags beggja vegna ganganna. Farið yfir helstu áherslumál s.s. áform um breytta legu stofnlagnar neysluvatns frá lóni að hreinsistöð og að gangamunni verði sýndur á breyttum uppdrætti. Framkvæmdastjóra falið að koma athugasemdum á framfæri.

Stjórn HEF lýsir áhyggjum af öryggi vatnsöflunar fyrir Seyðisfjörð í tengslum við gerð Fjarðarheiðarganga sérstaklega í ljósi niðurstöðu skýrslu EFLU varðandi hversu erfið vatnsöflun er á svæðinu og athugasemda frá Haust við umhverfismatskýrslu Vegagerðarinnar. Ljóst er að þörf er á mótvægisáðgerðum með því að gera nýtt inntak fyrir vatnsveitu í Fjarðará ofan áhrifasvæðis framkvæmda við jarðgöng.

### 8 Strandsvæðaskipulag Austfjarða – athugasemdir HEF

Fyrir fundinum liggur tillaga að Strandsvæðaskipulagi Austfjarða. Athygli vekur að Borgarfjörður eystri er utan skipulagsmarka, sem og að í skipulagsdrögum er engin grein gerð fyrir fráveituútrásum, þá vekja markalínur skipulags að ystu töngum furðu. Framkvæmdastjóra falið að koma athugasemdum á framfæri.

## 9 Mörk dreifbýlis og þéttbýlis í gjaldskrá RARIK

Í febrúar 2018 kærði HEF ákvörðun Orkustofnunar um að kyndistöð félagsins á lóðinni Ekkjufellssel 3 á athafna- og iðnaðarsvæði væri felld undir dreifbýlisgjaldskrá Rarik. Úrskurðarnefnd raforkumála felldi ákvörðun Orkustofnunar úr gildi 13. febrúar 2018. Málið hefur síðan að mestu legið í dvala. Með tilkomu áforma um meiri uppbyggingu á svæðinu er nú til skoðunar hjá Múlaþingi að ýta við málinu.

Framkvæmdarstjóra er falið að hafa samband við Orkustofnun og kanna stöðu þessa máls en ljóst er að engar breytingar hafa orðið á gjaldskrá. Engin viðbrögð hafa borist frá Rarik.

## 10 Fráveitureglugerð – drög í vinnslu

Á vettvangi Samorku er unnið að yfirlestri og athugasemdum við fyrirliggjandi reglugerðardrög fráveitureglugerðar. Endurskoðunin hefur lengi legið í loftinu og hafa rekstraraðilar fráveitu gagnrýnt skort á samráði við reglugerðarsmíðina. Stjórn HEF metur afar mikilvægt að kröfur um hreinsun fráveitu verði stilltar af til samræmis við afkastagetu viðtaka. Ljóst má vera að HEF hefur töluverðra hagsmuna að gæta varðandi flokkun viðtaka. Stjórn mun taka drögin til efnislegrar umfjöllunar á næsta fundi.

## 11 Verkefni – til kynningar

AÐ lagði fram lista og fór yfir helstu verkefni í undirbúningi og vinnslu.

## 12 Heimsóknir á starfsstöðvar

Stefnt er á heimsóknir stjórnarliða auk varamanna í veituhverfin að afloknum sumarleyfum eða í haust. Framkvæmdarstjóra falið að skipuleggja og senda boð.

## 13 Önnur mál

### a. Hleðslustöðvar rafbíla

Ábending barst frá íbúa sveitafélagsins um möguleika HEF á að koma upp hraðhleðslustöðvum fyrir rafbíla. Stjórn HEF þakkar þarft erindi og beinir því til Byggðarráðs Múlaþings að skoða þessi mál í heild sinni hjá sveitafélaginu.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundi slitið kl. 18:50.

Fundargerð ritaði Ívar Karl Hafliðason.

Fundargerð staðfest, \_\_\_\_\_ 2022

\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_